

Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2003-2004



11. þing KLÍ
27. apríl 2004



DAGSKRÁ 11. ÞINGS KLÍ

Þriðjudaginn 27. apríl 2004 Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Dagskrá:

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.
 - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
- 10 Önnur mál.
- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
- 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
- 13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
- 14 Þingslit.

SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 26. apríl 2003 – 26. apríl 2004

11. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
Þriðjudaginn 27. apríl 2004

STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Valgeir Guðbjartsson
<i>Varaformaður</i>	Theódóra Ólafsdóttir
<i>Gjaldkeri</i>	Sigríður Klemensdóttir
<i>Ritari</i>	Ómar Kristjánsson
<i>Fundarritari</i>	Sigfríður Sigurðardóttir
<i>Varamenn:</i>	Jónas Gunnarsson Linda Hrönn Magnúsdóttir Þórhallur Hálfðánarsson

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Guðni Gústafsson
Pétur Helgason

Til vara: Sirrý Hrönn Haraldsdóttir
Hjalti Ástbjartsson

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Aganefnd Ómar Kristjánsson *form.*
Guðný Gunnarsdóttir
Þórir Ingvarsson

Unglinganefnd Þórarinn Þorbjörnsson. *form.*
Ragna Matthíasdóttir
Theódóra Ólafsdóttir
Guðmundur Sigurðsson
Magnús Reynisson

Laga- og leikreglnanefnd Þórir Ingvarsson *form.*
Haraldur Sigursteinsson
Valgeir Guðbjartsson

Upplýsinganefnd Óskipuð

Mótanefnd Þórhallur Hálfðánarson *form.*
Kristína Baldursdóttir
Arnar Sæbergsson

Landsliðsnefnd: Óskipuð

Kerfisstjóri Ásgeir Þór Þórðarson

Tækninefnd Óskipuð

Landsliðsþjálfari Theódóra Ólafsdóttir

Starfsmaður KLÍ: Freyr Bragason

Ritstj. mótaskrár: Þórhallur Hálfðánarson

INNGANGUR

Nú á tólfta ári Keilusambandsins þá eru störf stjórnar í nokkuð föstum farvegi. Oftast hafa þau verið í þeim farvegi að sjá um daglegan rekstur sambandsins, aðstoða nefndir og taka að sér hlutverk nefnda þar sem ekki hefur tekist að fá fólk til vinnu. Svo er nú með þessar fámennu íþróttir að ekki fæst alltaf sá fjöldi sem þarf til að fylla þær nefndir og starfshópa sem áskilið er. Einhvern veginn skila sér flest þessi störf sér þó, reyndar mismunandi vel. Oft má gagnrýna stjórnir og nefndir fyrir að uppfylla ekki ströngustu kröfur á ýmsum hlutum, en gæta þarf þess að fara ekki með ósanngirni eða rangfærslur því það getur orðið til þess að fólk sem hefur verið að sinna störfum af bestu getu sé ekki tilbúið að leggja fram sína vinnukrafta síðar.

Á liðnu ári fundaði stjórn sambandsins reglulega á þriðjudögum með tveggja vikna millibili, þó með einhverjum hléum t.d. yfir hásumarið. Þetta hafa verið alls 23 stjórnarfundir frá síðasta þingi að ótöldum vinnufundum vegna sérverkefna. Einnig hafa verið haldnir 3-4 fundir með formönnum keilufélaga og keiludeilda og er það á stefnuskrá að fjölga þeim fundum og efla. Nefndir þær sem tókst að manna hafa einnig haft mikið á sinni könnu og á það sérstaklega við um unglinganevnd. Einnig má geta þess starfs sem KLÍ tekur þátt í á vegum ÍSÍ, tekið var þátt í formannafundum, fjármálaráðstefnu ÍSÍ og ársþingi ÍSÍ.

Keilufélögum og deildum hefur fækkað og voru sjö síðastliðinn vetur. Almennum iðkendum í keilu hefur fjölgað en keilurum sem stunda keilu sem keppnisíþrótt hefur ekki fjölgað í samræmi við það á síðari árum. Við getum leitað ýmissa skýringa, en hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér og samkeppni í þjóðfélaginu er gífurleg. Þetta á við um íþróttir jafnt sem aðra hluti. Keilusambandið og keilufélögin eru ekki annað en það sem við sjálf viljum og getum lagt fram. Félagsmenn þurfa því að leggja rækt við félög sín, ekki síður en félögin við félagsmennina.

Aðstöðumál keiluíþróttarinnar eru einnig töluvert áhyggjuatriði, keilusalir eru í einkaeign og mismunandi gott samstarf á milli þeirra og félaganna/sambandsins hvað varðar keppniskeiluna. Staðið hefur til að keilusalur rísi í Grafarvogi í tengslum við íþróttamiðstöð þar en ekki hefur verið staðfest hvort eða hvenær sá salur opni. Ennfremur hefur lifnað orðrómur um að opna eigi keilusal á Ísafirði og alltaf heyrast þegar vorar að einhverjir séu með áform um að opna keilusal á Akureyri.

Á síðastliðnu tímabili hefur árangur keiluspilara á heimavelli verið sem aldrei fyrr. Met hafa verið bætt í stórum stíl og halda mætti að þróun keilunnar á Íslandi væri í miklum blóma. Eitthvað lætur þessi árangur samt á sér standa á erlendri grund og náðist t.d. ekki viðunandi árangur hjá karlalandsliðinu sem tókk þátt í síðasta heimsmeistaramóti sem fram fór í Malasíu í september 2003. Í Evrópubikarkeppni einstaklinga sem haldin var í Austurríki í október náði íslenski karl keppandinn viðunandi árangri og endaði í 11. sæti af 38 keppendum og skilaði góðu skori. Vonumst við til að landslið Íslands sem keppir á Evrópubikarkeppni landsliða í Englandi í júní n.k. standi sig sem best og nái góðum árangri.

Þakka ber þeim aðilum sem halda úti af hugsjón einni saman keiluvefnum, keila.is. Þeir aðilar sem hafa séð um keiluvefinn hafa unnið mikið og gott starf og er það von stjórnar Keilusambandsins að þeirri vinnu verði haldið áfram af sama dugnaði og áður þó þar hafi farið fram ritstjóraskipti. En stofnandi og fyrrverandi ritstjóri er að flytja búferlum til höfuðstaðar Norðurlands, Akureyri.

Valgeir Guðbjartsson
formaður KLÍ



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá sjö félögum frá þremur héraðssamböndum. Samkvæmt eldri upplýsingum frá ÍSÍ sem fengnar eru úr kennsluskýrslum þá er um að ræða töluverða fækkun síðastliðin ár. Það er líka ljóst að almennir iðkendur í keilu eru miklu mun fleiri en skráðir eru hjá keilufélögunum og má segja að það ætti að vera takmark keilufélaganna/-deildanna að nálgast þessa iðkendur.

Tafla 1, Keilufélög og deildir,

fjöldi iðkenda skv. kennsluskýrslum til 1998 og fjöldi keppenda frá árinu 1998 skv. KIÍ

Félag / Keiludeild	Ípr. Bandalag	Stofnað	Iðkendur 1998	Keppendur 1999	Keppendur 2000	Keppendur 2001	Keppendur 2002	keppendur 2003
Samtals			436	422	307	272	281	263
KFR	ÍBR	10. sept. 85	177	159	148	143	134	109
KR	ÍBR	27. júní 90	37	46	24	16	17	21
ÍR	ÍBR	1994	58	58	47	57	64	73
Fylkir	ÍBR	1994	5	6	7	6	5	6
ÍFH	ÍBR	1994	9	8	3			
Ösp	ÍBR							
KSÁÁ	ÍBR	1997	8	12	5			
HK	UMSK	1994	20	17	11	11	6	5
KGB	UMSK	25. maí 89	27	27	24	17	14	12
Keflavík	ÍRB	1995	39	73	41	8		
KFS	ÍRB	31. júlí 89	34					
KFA	ÍA	1997	19	16	6	8	41	36

KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í þrem keilusölum í vetur:

- Keiluhöllinni í Öskjuhlíð, 18 brautir.
- Keila í Mjódd, 10 brautir.
- Keilusalnum Akranesi, 3 brautir.

VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Keilarar ársins 2003 voru að þessu sinni tveir, í kvennaflokki var **Elín Óskarsdóttir KFR** valin keilari ársins. Í karlaflokki var **Magnús Magnússon KR** keilari ársins. Elín og Magnús voru bæði Íslandsmeistarar einstaklinga 2003, ásamt því að hafa staðið sig frábærlega fyrir sín félagslið svo og í landskeppnum á undanförunum árum.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili sem nú er að ljúka kepptu 179 keilarar í deildarkeppninni í samtals 28 liðum og Íslandsmót einstaklinga var haldið með og án forgjafar með 54 þátttakendum. Þetta er fækkun um 82 keilara bæði í deild og einstaklingsmótum miðað við fyrra ár. Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Íslandsmót í tvímenning í maí
- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 4ra manna liða í október til apríl
- Deildarbikar (tvímenningur) í október til apríl
- Utandeild KLÍ í september til apríl
- Íslandsmót para í janúar
- Íslandsmót einstaklinga með forgjöf í febrúar
- Íslandsmót einstaklinga í mars
- Bikarkeppni liða í október til apríl
- Meistarakeppni ungmenna í október til mars
- Íslandsmót unglunga í mars
- Íslandsmót unglungið í október til apríl

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2003

Mótið var haldið í maí 2003. Þátt tóku 10 tvímenningar.

1. sæti Hjálmtýr Ingi Ingason, ÍR og Jón Helgi Bragason, ÍR.
2. sæti Halldór R. Halldórsson, ÍR og Sigurður Lárusson, ÍR
3. sæti Arnar Sæberg, ÍR og Steinþór Jóhannsson, ÍR

MEISTARAKEPPNI KLÍ

<i>Karlar:</i> 1. sæti	PLS, ÍR	<i>Konur:</i> 1. sæti	Afturgöngurnar, KFR
2. sæti	KR-a, KR	2. sæti	Flakkarar, KFR

ÍSLANDSMÓT PARA

Mótið var haldið í janúar 2004. Þátt tóku 11 pör.

1. sæti Sigfríður Sigurðard. KFR og Björn G. Sigurðss., KR – **Íslandsmeistarar para 2004**
2. sæti Guðný Gunnarsdóttir, ÍR og Arnar Sæbergsson, ÍR
3. sæti Alda Harðardóttir, KFR og Árni G. Ómarsson, ÍR

BIKARKEPPNI LIÐA 2003-2004

<i>Karlar:</i> 1. sæti	KLS, ÍR	<i>Konur:</i> 1. sæti	Valkyrjur, KFR
2. sæti	Lærlingar, KFR	2. sæti	ÍR-TT, ÍR



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 2003-2004

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2003-2004

Félög	1. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	Samtals '03-'04	Samtals '02-'03	Samtals '01-'02	Samtals '00-'01
KFR	5	4	3	12	13	13	17
KGB	-	1	1	2	2	1	2
KR	-	2	-	2	3	3	4
Keflavík	-	-	-	-	-	1	2
HK	-	-	1	1	1	1	2
ÍR	2	3	2	7	6	6	6
Fylkir*	-	1	-	1	1	1	1
KFA	1	1	1	3	3	1	1
Samtals	8	12	8	28	29	27	35

* = Lið Fylkis dró sig úr keppni um mitt tímabil vegna erfiðleika við að manna lið.

Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

1. deild kvenna: 1. sæti **Valkyrjur, KFR** **Íslandsmeistarar liða 2004**
2. sæti Flakkarar, KFR
3. sæti Afturgöngurnar, KFR
4. sæti ÍR-TT
Deildarmeistarar 1. deildar: Valkyrjur, KFR

1. deild karla: 1. sæti **KLS, ÍR** **Íslandsmeistarar liða 2004**
2. sæti Lærlingar, KFR
3. sæti PLS, ÍR
4. sæti ÍR-a, ÍR
Deildarmeistarar 1. deildar: KLS, ÍR
Úr 1. deild féllu ÍA, KFA(11. sæti) og Keiluvinir, Fylkir (12. sæti).

2. deild karla: 1. sæti **Þróstur, KFR** **Íslandsmeistarar 2. deildar**
2. sæti ÍR-p, ÍR
3. sæti Keila.is, KFR

Deildarbikar liða

Alls tóku þátt 12 lið og var keppt í 2 riðlum.

1. sæti **KR a, KR** **Deildarbikarmeistarar liða 2004**
2. sæti ÍR a, ÍR
3. sæti PLS, ÍR
4. sæti Lærlingar, KFR



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA MEÐ FORGJÖF

Íslandsmóti einstaklinga í keilu með forgjöf lauk sunnudaginn 29. febrúar 2004. Keppt var í karlaflokki, en því miður var ekki næg þátttaka í kvennaflokki og því fell keppni niður.

Alls tóku 15 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 26. febrúar 2003.

Sigurvegargar voru eftirtaldir:

Karlaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Ásgeir Þ. Þórðarsson, ÍR - Íslandsmeistari karla með forgjöf 2004**
2. sæti Steinþór G. Jóhannsson, ÍR
3. sæti Arnar Ólafsson, ÍR

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk sunnudaginn 28. mars 2004. Keppt var í karla og kvennaflokki.

Alls tóku 39 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 26. mars 2004, 26 í karlaflokki og 13 í kvennaflokki. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem fram mun fara í Tyrklandi í byrjun september n.k. Keilusambandið greiðir bæði ferðir og gistingu vegna Evrópumótsins.

Sigurvegargar voru eftirtaldir:

Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Sigfríður Sigurðardóttir, KFR – Íslandsmeistari kvenna 2004**
2. sæti Elín Óskarsdóttir, KFR
3. sæti Ragna Matthíasdóttir, KFR

Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Magnús Magnússon, KR - Íslandsmeistari karla 2004**
2. sæti Ásgeir Þ. Þórðarsson, ÍR
3. sæti Steinþór G. Jóhannsson, ÍR.

Verðlaunadreifing á milli félaga í Íslandsmótum einstaklinga með og án forgjafar varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '04	Samt. '03	Samt. '02
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	1	1	1	3	5	7
ÍR – Keiludeild ÍR	1	2	2	5	3	3
KR – Keiludeild KR	1	-	-	1	2	1
KFA – Keilufélag Akraness	-	-	-	-	2	1
Samtals	3	3	3	9	12	12

Dreifing keppenda í Íslandsmóti einstaklinga með og án forgjafar

Keilufélag	Ka'04	Ko '04	Samt.'04	Ka'03	Ko '03	Samt.'03	Ka'02	Ko '02	Samt.'02
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	7	10	17	17	13	30	18	16	34
ÍR – Keiludeild ÍR	21	3	24	16	4	20	17	4	21
KR – Keiludeild KR	9	-	9	12	1	13	8	1	9
KEF – Keiludeild Keflavíkur	-	-	-	-	-	-	1	-	1
KGB – Keilufélag Garðabæjar	1	-	1	-	-	-	2	-	2
KFA – Keilufélag Akraness	3	-	3	6	4	10	4	1	5
Samtals	41	13	54	51	22	73	31	22	72



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

UTANDEILD KLÍ

Utandeild KLÍ í liðakeppni 2003-2004 er ekki lokið þegar Ársþing KLÍ er haldið en mun ljúka 30. apríl 2004. Samtals tóku þátt 34 lið í utandeildinni í 3 riðlum og er það nokkur fjölgun en árið áður voru 28 lið í deildinni. Árið 2003 varð lið Landsbankans sigurvegarar, Ölgerðin varð í örðu sæti og síðan TVG-Zimsen í þriðja sæti.

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2004

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd sunnudaginn 14. mars 2004.

Alls kepptu 30 unglingar í fjórum flokkum pilta og stúlkna. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '04	St. '04	Samtals '04	Dr. '03	St. '03	Samtals '03	Dr. '02	St. '02	Samtals '02
KFR	6	4	10	8	4	12	13	3	16
KFA	6	4	10	6	2	8	3	3	6
ÍR	7	3	10	3	1	4	4	4	8
KEF	–	–	–	–	–	–	2	–	2
KR	1	–	1	–	–	–	–	–	–
Samtals	20	10	30	17	7	24	22	10	32

Keppendur í 1. og 2. flokki léku 18 leiki í forkeppni en keppendur í 3. og 4. flokki léku 12 leiki. Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 04	Silfur 04	Brons 04	Samtals 04	Gull 03	Silfur 03	Brons 03	Samt. 03	Gull 02	Silfur 02	Brons 02	Samt. 02
KFR	4	2	2	8	6	4	4	14	4	4	4	12
KFA	1	3	4	8	1	2	3	6	3	2	1	6
ÍR	5	3	1	9	2	1	–	3	1	2	2	5
KEF	–	–	–	–	–	–	–	–	2	1	0	3
Samtals	10	8	7	25	9	7	7	23	10	9	7	26

Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

Opinn flokkur – PILTAR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Stefán Claessen	ÍR
Bjarni Páll Jakobsson	KFR
Sigurður Þ. Guðmundsson	KFA

Opinn flokkur – STÚLKUR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Kristín Magnúsdóttir	KFR
Magna Ýr Hjálmtýsdóttir	ÍR
Birgitta Þóra Birgisdóttir	KFA

PILTAR:

1. fl. Sigurður Ingi Pálsson	ÍR
Sigurður Þ. Guðmundsson	KFA
Hafþór Harðarson	KFR

STÚLKUR:

1. fl. Kristín Magnúsdóttir	KFR
------------------------------------	------------



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2. fl.	Bjarni Páll Jakobsson	KFR	2. fl.	Magna Ýr Hjálmtýsdóttir	ÍR
	Stefán Claessen	ÍR		Birgita Þura Birgisdóttir	KFA
	Róbert Dan Sigurðsson	ÍR		Sigríður Sigmarsdóttir	KFR
3. fl.	Andri Már Ólafsson	KFR	3. fl.	Ástrós Pétursdóttir	ÍR
	Daníel Hauksson	KFR		Bergþóra Rós Ólafsdóttir	ÍR
	Skúli Freyr Sigurðsson	KFA			
4. fl.	Daníel Freyr Sigurðarson	ÍR	4. fl.	Tinna Rut Wiium	KFA
				Steinunn Inga Guðmundsdóttir	KFA

MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2003–2004

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 5 umferðir og voru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt voru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lenti. Leikmaður safnaði stigum og eftir allar umferðirnar kom í ljós hver varð „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki.

Ekki voru veitt verðlaun yfir allt árið nema keppandi hafi keppt í meira en helming umferða. Í vetur kepptu 33 piltar og 14 stúlkur eða alls 47 unglingar í Keilu í Mjódd og Öskjuhlíð.

Kept var í fjórum aldurshópum,

1. flokkur:	20 – 21 – 22 ára	f. 1981–1983	(6 leikir)	3 piltar + 2 stúlkur
2. flokkur:	17 – 18 – 19 ára	f. 1984–1986	(6 leikir)	9 piltar + 0 stúlkur
3. flokkur:	14 – 15 – 16 ára	f. 1987–1989	(6 leikir)	11 piltar + 7 stúlkur
4. flokkur:	11 – 12 – 13 ára	f. 1990–1992	(3 leikir)	10 piltar + 5 stúlkur

1. fl. pilta (1981–1983)

1.sæti	Steinþór G. Jóhannsson	ÍR	48
2.sæti	Þórhallur Hálfðánarson	KFR	32
3.sæti	Einar Már Björnsson	KR	28

2. fl. pilta (1984–1986)

1.sæti	Hafþór Harðarsson	KFR	56
2.sæti	Magnús S. Guðmundsson	KFA	44
3.sæti	Sigurður Þ. Guðmundsson	KFA	42

3. fl. pilta (1987–1989)

1.sæti	Sigurður Ingi Pálsson	ÍR	54
2.sæti	Bjarni Páll Jakobsson	KFR	50
3.sæti	Stefán Claessen	ÍR	37

4. fl. pilta (1990–1992)

1.sæti	Andri Már Ólafsson	KFR	56
2.sæti	Hafliði Örn Ólafsson	ÍR	44
3.sæti	Daníel Hauksson	KFR	40

1. fl. stúlkna (1981–1983)

1.sæti	Dagný Edda Þórisdóttir	KFR	60
2.sæti	Súsanna Kr. Knútsdóttir	KFR	40

2. fl. stúlkna (1984–1986)

1.sæti	Kristín Magnúsdóttir	KFR	52
2.sæti	Birgitta Þura Birgisdóttir	KFA	40
3.sæti	Sigríður Sigmarsdóttir	KFR	30

3. fl. stúlkna (1987–1989)

1.sæti	Kristín Magnúsdóttir	KFR	52
2.sæti	Birgitta Þura Birgisdóttir	KFA	40
3.sæti	Sigríður Sigmarsdóttir	KFR	30

4. fl. stúlkna (1990–1992)

1.sæti	Linda Björk Gunnarsd.	ÍR	52
2.sæti	Ástrós Pétursdóttir	ÍR	46
3.sæti	Bergþóra Rós Ólafsdóttir	ÍR	34



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA 2003–2004

Íslandsmóti unglingsaliða í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd þriðjudaginn 18. apríl 2003. Alls tóku 6 lið þátt í mótinu eða 33 unglingar, piltar og stúlkur. Þrjú lið komu frá ÍR, tvö frá KFR og eitt frá KFA. Leiknar voru 6 umferðir frá byrjun október og eftir það voru spiluð úrslit.

Niðurstöður fyrir úrslit:

Mtal.liðs

Staða eftir úrslit:

1. sæti	KFR 1	55 stig	159,60	Deildar- og Íslandsmeistarar unglingsaliða	1. sæti
2. sæti	ÍR 1	49 stig	157,46		2. sæti
3. sæti	KFR 2	32 stig	129,64		3. sæti
4. sæti	ÍA	22 stig	118,31		4. sæti
5. sæti	ÍR 2	18 stig	119,37		5. sæti
6. sæti	ÍR 3	4 stig	96,03		6. sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

Á liðnu tímabili var tekið þátt í tveimur landskeppnum. Í september var Heimsmeistaramót í Malasíu og í október fóru Íslandsmeistarnir á Evrópubikarmót einstaklinga í Austurríki.

HEIMSMEISTARAMÓT LANDSLIÐA

Heimsmeistaramót landsliða fór fram í Kuala Lumpur í Malasíu dagana 10. til 20. september 2003. Þátttakendur voru landslið karla og kvenna frá 54 þjóðum. – keppt var í einliðaleik, tvímenning, þrímenning og fimm manna liðum, að lokum var keppt í meistarakeppni þ.e. efstu 24 karla og kvenna úr allri keppninni.

Einungis var sent karlalið til þátttöku á mótinu, liðið var þannig skipað:

Arnar Sæbergsson ÍR, Freyr Bragason KFR, Jón Helgi Bragason ÍR, Magnús Magnússon KR, Sigurður Lárusson ÍR og Steinþór G. Jóhannsson ÍR.

Í karlaflokki varð helsti árangur sem hér segir:

Í einstaklingskeppninni náðist best 146. sæti af 348 þáttakendum, í tvímenningi náðist 52. sæti af 170 liðum, í þrímenningi náðist 17.-18. sæti af 111 liðum og í 5 manna liðum náðist 40. sæti af 54 liðum. Eftirfarandi er árangur einstakra leikmanna:

Röð:	Nafn:	Einstakl.	Tvím.	Þrím.	5m.lið	Heild	Meðaltal
102.	Arnar	1088	1228	1319	1096	4731	197,1
160.	Magnús	1130	1131	1122	1169	4552	189,7
164.	Steinþór	1063	1153	1228	1087	4531	188,8
180.	Sigurður	1066	1186	1181	1051	4484	186,8
192.	Jón H.	1085	1188	1051	1131	4455	185,6
197.	Freyr	1081	1151	1117	1091	4440	185,0

Með liðunum fóru Valgeir Guðbjartsson, formaður KLÍ og Theódóra Ólafsdóttir landsliðsþjálfari.

EVROPUBIKARMÓT EINSTAKLINGA

Evrópubikarmót einstaklinga, sem er keppni landsmeistara Evrópuþjóða, fór fram í Vín í Austurríki 15. til 19. október 2003. Þátttakendur voru landsmeistarar frá þrjátíu og sjö þjóðum auk sigurvegara frá því 2002.

Fyrir Íslands hönd kepptu Íslandsmeistararnir 2003, Elín Óskarsdóttir KFR og Magnús Magnússon KR. Elín endaði í 23. sæti með 178,16 stig að meðaltali. Magnús endaði í 11. sæti með 205,16 að meðaltali í mótinu, og var örstutt frá því að komast í úrslit á mótinu (8 efstu).

Með Elínu og Magnúsi fór landsliðsþjálfarinn, Theódóra Ólafsdóttir.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

SAMRÁÐSFUNDUR KEILUSAMBANDA NORÐURLANDANNA

Árlegur samráðsfundur keilusambanda Norðurlandanna fór fram í Póllandi dagana 17.-18. maí 2003 – fundurinn var haldinn samhliða Þingi Evrópusambandsins þar sem fulltrúar allra Norðurlandana voru viðstaddir. Fulltrúi KLÍ á fundinum var Valgeir Guðbjartsson formaður KLÍ.

Á fundinum var fjallað um starfsemi keilusambandanna, samstarf Norðurlandanna, samskipti við alþjóðasamtökin og hvað helst væri á döfinni. Fjallað var m.a. um fyrirkomulag deildarkeppna á öllum Norðurlöndunum, fjallað var um fyrirkomulag Norðurlandamóta, heimsmeistaramóta, fyrirtækjakeppnir, bæði heimafyrir í hverju landi svo og á Evrópu grundvelli, fjallað var um reglur um peningaverðlaun, keppni yfir landamæri þ.e. geta menn haft keppnisleyfi í fleiri en einu landi.

Lögð voru á ráð fyrir þing Heimssambandsins sem haldið var í Malasíu í september samhliða Heimsmeistaramótinu og bar þar m.a. hátt kjör fomanns WTBA. Næsti samráðsfundur á að vera haldinn í Finnlandi árið 2004.

EVROPUÞING

Þing keilusambanda Evrópu var haldið í Poznan í Póllandi dagana 17.-18. maí 2003. Einkennandi fyrir þingið var að fjórum mánuðum síðar var fyrirhugað heimsþing keilusambanda og lá ljóst fyrir að þar yrði tekist á um bæði grundvallaruppbyggingu heimssambandsins og eins voru yfirvofandi átök í stjórnarkosningum.

Fulltrúi KLÍ var Valgeir Guðbjartsson, formaður.

HEIMSPING

Heimsþing Keilufþróttarinnar (bæði FIQ og WTBA) voru haldin í Kuala Lumpur í Malasíu dagana 7.-10. september 2003. Einkennandi fyrir þingin var barátta um framtíðarskipulag heimssambandanna sem endaði með ákveðinni niðurstöðu sem fólst í því að sitjandi forseti WTBA frá Malasíu, svo og mótframbjóðandi hans frá Bandaríkjunum drógu báðir framboð sín til baka og kjörinn var nýr forseti WTBA, Heiki Sarso frá Finnlandi. Einnig urðu forsetaskipti hjá FIQ og var Filipseyingur kjörinn forseti. Er það von manna að sú valdabarátta sem hefur einkennt starfssemi WTBA undanfarin 8 ár muni nú hverfa og það komist á vinnufriður.

Fulltrúi KLÍ á þingunum var Valgeir Guðbjartsson, formaður.

“Peppe”

Stjórn KLÍ ákvað að fá hingað til lands sænska þjálfarann Peter Engström til að hrista upp í keilurum og þjálfurum keilufélaganna. Félögin fengu hann til að leiðbeina þeim í barna og unglingastarfi og teljum við að það hafi komið mjög vel út. Í einstaklingsþjálfun hafa yfir 30 einstaklingar notið hans leiðsagnar, stefna sambandsins er að það verði framhald á þessu samstarfi.

SMÁRALIND, HVATNINGARDAGAR

Heilsu og hvatningardagar ÍSÍ, fóru fram í Smáralind dagana 13. og 14. september 2003. KLÍ var eitt af sérsamböndum ÍSÍ sem kynntu fyrir almenningi starfssemi sína, keilufþróttina ofl.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

AFREKSSTEFNA KLÍ

Afreksstefna Keilusambandsins frá árinu 2000 var endurskoðuð undir lok árs 2003 og ný afreksstefna sem tekur yfir tímabilið 2004-2006 gefin út, afreksstefnan fylgir hér á eftir:

Afreksstefna Keilusambands Íslands árin 2004 - 2006.

Stefna.

Keilusamband Íslands stefnir að því að senda til þátttöku í alþjóðakeppni fremstu karl- og kvenkeilara landsins þannig að besti mögulegi árangur náist hverju sinni.

Landslið fullorðinna (karla og kvenna) taki þátt í öllum mótum á vegum Heims- og Evrópusamtaka keilunnar (WTBA og ETBF) þar sem takmarkið verður að vera í hópi 10 bestu keilubjóða í Evrópu. Ennfremur að senda keppendur til þátttöku í einstaklingsmótum sem WTBA heldur og því verður komið við.

Landslið unglunga (píla og stúlkna) taki þátt í mótum á vegum WTBA og ETBF þar sem því verður komið við með það að markmiði að vera í hópi 10 bestu keilubjóða í Evrópu í viðkomandi aldurshópi.

Staða og tímasetningar:

Landslið karla er nú í hópi 10 - 15 bestu keilulandsliða í Evrópu. Á síðasta Evrópubikarmóti (ECT), sem var haldið í Þýskalandi árið 2002, endaði landsliðið í 20. sæti, en líta verður á það að við neyddumst til að senda hálfgerð varalið til þátttöku í þessu móti, unga keppendur sem margir tóku þátt í sínu fyrsta móti erlendis. En á síðasta Evrópumóti (EM), í Danmörku árið 2001, lenti liðið í 13. sæti. Karlalandslið var sent til þátttöku á síðasta heimsmeistaramóti (HM) sem haldið var í Malasíu í september 2003 og endaði liðið þar í 40. sæti. Það skal þó tekið fram að mismunandi keppnisfyrirkomulag er í mótunum. Ef tekst að halda saman besta liði sem völ er á hverju sinni og aðrar aðstæður haldast jákvæðar þá á takmark okkar að nást á ECT í Englandi 2004, á EM árið 2005 ásamt HM árið 2006.

Landslið kvenna er nú í hópi þeirra 15 bestu í Evrópu. Á síðasta Evrópubikarmóti (ECT) í Þýskalandi 2002 endaði landsliðið í 13. sæti, en á síðasta Evrópumóti (EM), í Danmörku árið 2001 lenti liðið í 8. sæti. Ekki var unnt að senda kvennalið til þátttöku á síðasta heimsmeistaramóti (HM) 2003 vegna mikils kostnaðar og þar sem bestu keppendur gáfu ekki kost á sér í liðið. Með markvissri uppbyggingu landsliðs kvenna næstu ár á takmarkið að nást á ECT 2004, HM 2005 og EM 2006.

Landslið unglunga hefur ekki verið sent á Evrópumót hingað til, en nú er kominn upp ákveðinn kjarni sem getur, ef markvisst er unnið með hópinn, náð settu markmiði á næstu árum. En það þarf hins vegar að hafa í huga að kostnaður við að senda keppendur á þessi álfu- eða heimsmót er mikill. Eins gefur það litla reynslu miðað við að fara á mót í nágrannalöndum okkar t.d. mótaröð fyrir unglunga í Svíþjóð og þarf því að huga vel að því hvernig þeim takmörkuðu fjármunum sem KLÍ hefur til umráða er varið.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Samhliða liðakeppnum er oft haldin keppni einstaklinga, tvímenninga og para. Landsliðsfólk okkar hefur oft á tíðum náð góðum árangri í þessum keppnum og ber þar hæst 4. sæti í tvímenningakeppni á Evrópumótinu (EM) í Englandi 1997 þar sem þátt tóku 72 tvímenningar. Ennfremur hafa einstaklingar oft á tíðum náð mjög góðum árangri á þessum mótum t.d. náðist sá frábæri árangur að Íslendingur náði 3. sæti í einstaklingskeppni karla á Evrópumótinu (EM) í Danmörku árið 2001. Og ennfremur náðist 10. sæti í einstaklingskeppni kvenna á sama móti. Einnig hefur náðst góður árangur í Evrópubíkarkeppni einstaklinga (keppni landsmeistara) (ECI) og í heimsbíkarkeppni einstaklinga.

Eins og áður segir hefur landslið unglunga ekki verið sent á Evrópumót (EM) eða heimsmeistaramót (HM), en liðið hefur tekið þátt í Norðurlandamóti unglunga (NMU). Á NMU sem haldið var á Íslandi 1999, vannst gull í tvímenningi, silfur og brons í einstaklingskeppni og íslenskt par lenti í 4. sæti í parakeppni. Á síðasta NM sem haldið var í febrúar 2003 í Svíþjóð náðist ekki slíkur árangur enda var það liðið ungt og reynslulítið og því má segja að þá hafi verið unnið í uppbyggingu fyrir framtíðina en ekki fyrir líðandi stund.

Forsendur:

Keilusamband Íslands þarf að reka höfuðstöðvar fyrir íslenska keilu, þannig að grunnur sambandsins og keiluþróttarinnar sé traustur. KLÍ sér um skipulagningu landsmóta í öllum aldursflokkum, fræðslustarf og síðast en ekki síst rekstur landsliða.

Raunverulegur grunnur KLÍ er hins vegar aðildarfélögin sem þurfa að reka uppbyggingar- og afreksstarf með þátttöku í keppni á innlendum vettvangi. KLÍ verður síðan að leita leiða til að renna styrkari stöðum undir starfið í aðildarfélögunum þannig að þar verði áfram uppspretta afreksfólks í keilu.

Aðstaða til keiluiðkunar þarf að batna og verða eins og best gerist í nágrennalöndum okkar. Til að mynda er ekki til nægilega stór og frambærilegur keilusalur hér á landi í dag. Hafa því skapast ákveðin vandamál þegar röðin kemur að okkur að halda þau alþjóðlegu mót sem okkur ber skylda til, t.d. Norðurlandamót unglunga og fullorðinna sem við þurfum að halda á 5 ára fresti. Ennfremur væri hægt, ef aðstaða væri fyrir hendi, að halda hér stór alþjóðleg mót t.d. Evrópumót (EM). Slík mót draga að sér nálægt 300 keppendur og 100 - 200 þjálfara, fararstjóra og aðra áhangendur og standa yfir í 7 - 10 daga. Þá fengi íslenskt afreksfólk í keilu tækifæri til að etja kappi við bestu keilara í Evrópu á heimavelli. Einnig væri líklegt að áhugi á keilu sem keppnisíþrótt ykist, en það er forsenda þess að við getum verið með keppendur í fremstu röð til framtíðar.

Traustur fjárhagur KLÍ er kjarninn að rekstri keiluhreyfingarinnar. Styrkir og framlög frá ÍSÍ og skyldum aðilum eru stór hluti tekna sambandsins. Meðal annarra tekna eru brautarleiga í mótum, sem rennur að mestu leyti beint til rekstraraðila viðkomandi keilusalur, svo og safnanir landsliðsfólks vegna landsliðsferða.

Til þess að ofangreind markmið í afreksstefnu KLÍ náist þarf meira fjármagn til en sambandið hefur til umræða í dag. Efla þarf þjálfaramenntun, samfara því að ekki er hægt að ætlast til að þjálfarar starfi af hugsjón einni saman, sérstaklega þegar um aukið umfang þjálfunar er að ræða.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Verkefni og kostnaðaráætlun:

Hér á eftir verða talin upp helstu verkefni Keilusambands Íslands árin 2004-2006 ásamt kostnaðaráætlun:

1. EMU04 – Apríl 2004 í Þýskalandi. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 10 dagar. Heildarkostnaður um 1,1 millj. Hlutur KLÍ um 500 þús.
2. ECT04 – Júní 2004, Norwich, Englandi. Fjöldi 15, 12 keppendur, 2 þjálfarar og fararstjóri – 8 dagar. Heildarkostnaður um 1,2 millj. Hlutur KLÍ um 450 þús.
3. ECI04 – Sept. 2004 í Tyrklandi. Fjöldi 3, 2 keppendur og þjálfari/fararstjóri – 7 dagar. Heildar kostnaður um 550 þús. Greitt af fullu af KLÍ.
4. NMU05 – Feb. 2005 í Finnlandi fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 4 dagar. Heildar kostnaður um 600 þús. Hlutur KLÍ um 250 þús.
5. NM05 – Mars 2005 Íslandi. Fjöldi 15, 12 keppendur, 2 þjálfarar og liðstjóri – 4 dagar. Heildar kostnaður um 650 þús. Greitt af fullu af KLÍ. Athuga skal að í þessu tilfalli er ekki um að ræða ferðakostnað heldur er þessi kostnaður að mestu tilkomin vegna brautarleigu(húsaleigu) vegna mótsins eða um 60% af kostnaði.
6. EM05 karla – Júní 2005 Moskva. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 8 dagar. Heildarkostnaður um 1 millj. Hlutur KLÍ um 350 þús.
7. HM05 kvenna – Ágúst 2005, Álaborg. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 8 dagar. Heildarkostnaður um 950 þús. Hlutur KLÍ um 400 þús.
8. ECI05 – Sept. 2005 Stuttgart. Fjöldi 3, 2 keppendur og þjálfari/fararstjóri – 8 dagar. Heildar kostnaður um 450 þús. Greitt af fullu af KLÍ.
9. EMU06 – Apríl 2006 í Evrópu. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 10 dagar. Heildar kostnaður um 950 þús. hlutur KLÍ um 400 þús.
10. EM06 kvk – Júní 2006 í Evrópu. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 8 dagar. Heildar kostnaður um 950 þús. Hlutur KLÍ um 400 þús.
11. HMU06 – Ágúst 2006 í Róm. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 10 dagar. Heildar kostnaður um 950 þús. Hlutur klí um 450 þús.
12. HM06 kk – Sept 2006 í Koreu. Fjöldi 8, 6 keppendur, þjálfari og fararstjóri – 10 dagar. Heildar kostnaður um 1850 þús. Hlutur KLÍ um 600 þús.
13. ECI06 – Sept 2006 í Evrópu. Fjöldi 3, 2 keppendur og þjálfari/fararstjóri – 8 dagar. Heildar kostnaður um 450 þús. Greitt af fullu af KLÍ.

NM = Norðurlandamót fullorðinna (liðakeppni, tvímenningur, pör og einstaklingar kk+kvk)

NMU = Norðurlandaótt unglinga (sama og NM)

EM = Evrópumót (keppt í liðakeppni, þrímenning, tvímenning, einstakling ofl.)

EMU = Evróumót unglinga (sama og EM nema keppt bæði í kk og kvk flokki samtímis)

ECI = Evrópubíkarkeppni einstaklinga (landsmeistarar kk og kvk frá öllum löndum Evrópu)

ECT – Evrópubíkarkeppni liða (Liðakeppni kk+kvk – þessi keppni leggst af frá 2004)

HM = Heimsmeistaramót (sama og EM)

HMU = Heimsmeistaramót unglinga (sama og HM)



Þjálfunar/þjálfaramál:

